

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og staðfestingu bæjarstjórnar Kópavogs, ákveðið eftirfarandi breytingar á umferðarrétti í sveitarfélaginu:

Biðskylda A06.11.

Að biðskylda verði á umferð:
frá Kópavogsgærði á gatnamótum við Kópavogstún í stað hægri réttar,
um Hafnarbraut við gatnamót Nesvarar í stað biðskyldu á Nesvör,
frá Tónahvarfí við gatnamót Turnahvarfs í stað hægri réttar.

Bannað að leggja ökutæki B21.11.

Að bannað verði að leggja ökutæki:
í Nesvör utan merktra bílastæða við götuna,
í Norðurvör utan merktra bílastæða við götuna,
við Engihjalla 1, framan við djúpgáma á tímabilinu kl. 8.00 – 17.00.

Stöðvunarskylda við vegamót B19.11.

Að stöðvunarskylda verði á umferð:
frá Urðarbraut út á Kársnesbraut í stað biðskyldu.

Kópavogsbæ, 1. mars 2023.

Birkir Rútsson deildarstjóri gatnadeildar.

B-deild – Útgáfudagur: 16. mars 2023